

Mál nr. 199/2019**M og
V v/ ábyrgðartryggingar ökutækisins A og
ábyrgðartryggingar ökutækisins B****Ágreiningur um sönnun og ábyrgð vegna áreksturs 14. febrúar 2019.****Gögn.**

Málskot, dags. 11. júní 2019, ásamt fylgiskjölum.

Tölvupóstur V, dags. 26. júní 2019, ásamt tölvupósti dags. dags. 16. og 18. febrúar 2019 frá ökumanni ökutækis A.

Málsatvik.

Í tjónstilkynningarskýrslu sem starfsmaður fyrirtækisins Aðstoðar&Öryggis gerði vegna málsins kemur fram að ökumaður bifreiðar A tilkynnti um tjón á bifreið sinni vegna áreksturs við bifreið B á mótum Vesturlandsvegur og Suðurlandsvegur. Í skýrslunni kveðst ökumaður bifreiðar A hafa ekið frá Suðurlandsvegi niður á aðrein við Vesturlandsveg í vesturátt og verið að bíða eftir að komast inn Vesturlandsveginn og þá hafi bifreið B verið ekið vestur og til hægri inn á aðrein og á bifreið A. Ökumaður bifreiðar B taldi í skýrslunni að það hafi verið ekið aftan á bifreið sína þegar hann var kominn inn á aðreinina. Í skýrslunni kemur einnig fram að ekkert sjáanlegt tjón hafi verið á bifreið B. Í málinu liggur fyrir niðurstaða Tjónanefndar váttryggingafélaganna um að ökumaður bifreiðar B (M) beri alla sök á árekstri við bifreið A.

M, sem var ökumaður bifreiðar B, telur í málskoti sínu til nefndarinnar að rangt sé farið með í lýsingu á atvikum af hálfu ökumanns bifreiðar A. M lýsir atvikum þannig að hann hafi ekið upp ramp að Höfðabakka þegar hann verður var við smádyrk á afturenda bifreiðar sinnar. Þvínæst hafi ökumaður bifreiðar A elt hann á áfangastað hans á bifreiðastæði við Húsgagnahöllina og sakað hann um að hafa ekið utan í bifreið A. Þessu hafnar M og telur ranglega farið með af hálfu ökumanns A sem og að það sé sannað að ekki hafi fundist nokkur merki þess á bifreið B að henni hafi verið ekið utan í bifreið A og þannig geti slíkt ekki staðist.

V gaf nefndinni ekki upp sérstaklega afstöðu til málsins í tölvupósti dags. 26. júní sl., en upplýsir um frekari frásögn ökumanns bifreiðar A í málinu þar sem efnislega kemur fram að hún telur að M hafi ekið bifreið sinni á bifreið A, eins og fram kemur í tjónstilkynningarskýrslu.

Álit.

Nokkur ágreiningur er um atvik í umrætt sinn en tjónstilkynningarskýrsla staðfestir þó að báðir ökumenn hafi verið við akstur á Vesturlandsvegi með þeim hætti sem haft er eftir þeim í þeirri skýrslu. Þegar framburður ökumanna er metinn verður að telja sannað að bifreið A hafi verið á aðrein þeirri sem bifreið B var ekið inn á. Ökumaður bifreiðar A ber um árekstur og ökumaður bifreiðar B (M) segist hafa heyrt dyrk á sama tíma og hann ók inn á aðreinina. Þannig verður talið sannað að árekstur hafi orðið í sömu mund og bifreið B var ekið inn á aðreinina. Við þær aðstæður bar ökumanni bifreiðar B að gæta að umferð sem var fyrir á aðreininni og ber hann því sönnunarbyrði um að hafa ekki ekið utan í bifreið A við þær aðstæður heldur að árekstur hafi átt sér stað eftir að þeirri aðgæsluskyldu hafði verið nægilega sinnt. Af gögnum málsins í heild telur nefndin að slík sönnun hafi ekki tekist. Ökumaður bifreiðar B verður að bera hallann af slíkum sönnunarskorti og ber því alla sök á árekstri við bifreið A.

Niðurstaða.

Öll sök á ökumann bifreiðar B.

Reykjavík, 8. ágúst 2019.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.